

Börkur Sigurbjörnsson

Níunda hæð

örsaga



Urban Volcano

Níunda hæð

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



NÍUNDA HÆÐ

„Þetta hótél er svona eins og upplifun,“ sagði Davíð, glaðvakandi, starandi upp í dimmt tómið yfir rúminu.

„Einmitt,“ muldraði Karen, einhvers staðar frá afslappaða einskinsmannslandinu milli svefns og vöku.

„Ég meina, ég held ég hafi aldrei sofið svona hátt uppi. Níunda hæð. Þetta er svolítið svakalegt. Níu hæðir.“

„Akkúrat, svakalegt.“

„Er það ekki svolítið rosalegt að þú getir fundið fyrir hæðinni, jafnvel þótt þú sért ekki að horfa út um gluggann? Maður

getur bara fundið fyrir henni. Hún er í líkamanum, beininum, iðrunum. Þessi hæðatilfinning. Hún er bara þarna til staðar.“

„Rosalegt.“

„Ég meina, hvert er málið? Hvað veldur því að við finnum svona fyrir hæðinni? Er það af því að við vitum að við erum hátt uppi og höfum séð útsýnið? Og svo málur hugurinn þessa mynd aftan á augnlokin? Eða er það þyngdaraflíð? Af því að það er svo sterkt hérna uppi? Eða af því að það er svo veikt? Ég skil hreinlega ekki hvað er í gangi. Svo gæti það líka verið hljóð. Ég meina, þú heyrir hljóðið koma að neðan. Djúpt að neðan. Hljóðbylgjurnar lenda á hljóðhimnunum undir afar hvössu horni og þess vegna veit líkaminn að hljóðið hafi borist langt að neðan. Eða eitthvað svoleiðis. Gæti líka verið blanda af þessu öllu. Ég veit ekki einu sinni hvort þetta er hugrænt eða líkamlegt fyrirbrigði. Eða eitthvað stórkostlegt sálar-líkama-blandaðs-veruleika-dæmi.“

„Aha,“ muldraði Karen. „Getum við rætt þetta á morgun? Ég er svolítið þreytt.“

„Ekkert mál,“ sagði Davíð, tregur til þess að láta málið niður falla og hélt vangaveltunum áfram í hugarum, einbeitti sér enn frekar að skynjuninni, skynjaði hæðina, skynjaði þyngdaraflíð, varð fyrir sterkum hughrifum, hlustaði á hljóðin berast langt að neðan, fann hvernig þau lentu á hljóðhimnunni undir ókunnuglegu horni, töfrandi hvössu horni, hann hlustaði á hljóðin sem héldu honum vakandi, spennnum, áreittum, hljóðin sem hvöttu hann til að halda áfram að hugsa, hugsa í hringi, um dásemdir hæðarinnar, krafta þyngdaraflsins, undur hornafræðinnar, heillandi heim sálfræðinnar, fegurð eðlisfræðinnar,

og mátt þyngdarafldsins á ný, alltaf í hringi, þangað til á endan-
um, eftir miðnætti, að hann fann augnlökin þyngjast, og hann
sofnaði, einungis til þess að vakna nokkrum stundum síðar, á
níundu hæð, án þess að skynja neitt sérstakt, hann bara vakn-
aði eins og í hverju öðru eintóna hótellherbergi.

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano